



Ársskýrsla 2004

# Ársskýrsla

## Lífeyrissjóðs sjómanna 2004



## Efnisyfirlit:

Ávarp stjórnarformanns	3
Stjórn	4
Starfsmenn	5
Iðgjöld	6
Lífeyrir	7
Lán til sjóðfélaga	8
Fjárfestingarstefna	9
Hluthafastefna	10
Fjárfestingar	10
Verðbréfaeign	10
Ávöxtun	11
Fjárfestingar erlendis	12
Tryggingafræðileg úttekt	14
Samrunaviðræður og nýjar samþykktir	14
Séreignardeild	15
<b>Ársreikningur</b>	
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	18
Áritun endurskoðenda	19
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	20
Efnahagsreikningur	21
Yfirlit um sjóðstreymi	22
Skýringar	23
Kennitölur	28
Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris	30
Efnahagsreikningur deilda	31
Yfirlit um sjóðstreymi deilda	32
<b>Financial Statements</b>	
Endorsement by the Board of Director's and Managing Director	34
Auditor's Report	35
Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments	36
Balance Sheet	37
Statement of Cash Flows	38
Financial Indicators	39

## Ávarp stjórnarformanns

Árið 2004 var viðburðaríkt hjá Lífeyrissjóði sjómanna. Það reyndist það besta í sögu sjóðsins hvað varðar ávöxtun hans og á árinu hófust viðræður við Lífeyrissjóðinn Framsýn um hugsanlega sameiningu sjóðanna.

Ánægjulegur viðsnúningur varð á verðbréfamörkuðum á árinu 2003. Eftir þrjú slök ár var raunávöxtun sjóðsins yfir 15% það ár. Árið 2004 reyndist enn betra og var raunávöxtunin 16,4% sem er sú besta í sögu sjóðsins. Reyndist ávöxtun sjóðsins sú besta hjá lífeyrissjóðunum annað árið í röð og meðaltal ávöxtunar hjá Lífeyrissjóði sjómanna sl. 5 ár er einnig með því besta sem lífeyrissjóðirnir hafa náð. Þá hefur rekstrarkostnaður sjóðsins ávallt verið með því lægsta sem þekktist hjá lífeyrissjóðunum og á síðasta ári varð engin breyting þar á.

Í lok síðasta árs komu fram nýjar tryggingafræðilegar forsendur, annars vegar varðandi lengri lífaldur og hins vegar um aukna örorkubyrði. Breytingarnar leiddu til aukinna skuldbindinga allra lífeyrissjóða, ekki síst hjá Lífeyrissjóði sjómanna þar sem örorkulífur í sjóðnum eru mun meiri en almennt gerist. Ljóst er að grípa verður til aðgerða til þess að mæta hinni auknu örorkubyrði. Fyrst og fremst verður að taka upp viðræður við stjórnvöld um að örorkulífeyrir færast í einhverjum mæli yfir til ríkisins og einnig verður að jafna vægi örorkulífeyris á milli lífeyrissjóða því að ljóst er að þar sitja sjóðirnir ekki við sama borð. Ef ekkert verður að gert liggur fyrir að lífeyrissjóðirnir í landinu geta í framtíðinni ekki tryggt sjóðfélögum sínum sambærilegan ellilífeyri þar sem mjög stór hluti af lífeyrisgreiðslum margra lífeyrissjóða fer í örorkulífeyri á meðan aðeins lítill hluti lífeyrisgreiðslna hjá öðrum sjóðum fer í þessa tegund lífeyris.

Þrátt fyrir auknar skuldbindingar vegna lengri lífaldurs og aukinnar örorku versnar tryggingafræðileg staða Lífeyrissjóðs sjómanna aðeins lítillega milli ára vegna mjög góðrar ávöxtunar á síðasta ári. Sjóðurinn átti í árslok 2004 fyrir 97,3% heildarskuldbindinga og þá átti sjóðurinn 8,4 milljarða umfram áfallna skuldbindingu. Ljóst er hins vegar að ávöxtun eins og náðst hefur sl. 2 ár mun ekki nást í framtíðinni, en gert er ráð fyrir 3,5% ávöxtun á ári til lengri tíma.

Í framhaldi af stefnumótunarvinnu stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna snemma árs 2004 var leitað til Lífeyrissjóðsins Framsýnar til að kanna áhuga á sameiningu sjóðanna. Skipuð var viðræðunefnd sem skilaði álitum í mars 2005, álitum sem leiddu til þess að stjórnir beggja sjóðanna munu leggja fram á ársfundum þeirra tillögu um að sjóðirnir sameinist frá 1. júní 2005. Þá verða lagðar fyrir ársfundina tillögur til nýrra samþykktu sem taka mið af breyttum tryggingafræðilegum forsendum. Stærsta breytingin þar er sú, að lagt verður til að tekin verði upp aldurstengd réttindaávinnsla í stað jafnrar, en aðilar vinnumarkaðarins hafa náð samkomulagi um að slíkt réttindakerfi verði tekið upp hjá lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði.

Það er von mín og trú að væntanleg sameining ásamt þeim breytingum sem lagðar eru til á samþykktunum muni, ef af verður, tryggja enn frekar réttindi sjóðfélaga Lífeyrissjóðs sjómanna á komandi árum. Engu að síður er brýnasta verkefnið framundan að lækka útgjöld sjóðsins vegna síaukinnar örorku sjóðfélaganna m.a. með því að ríkið yfirtaki a.m.k. hina svokölluðu félagslegu örorku.

Fyrir hönd stjórnar sjóðsins flyt ég starfsmönnum hans, sjóðfélögum og atvinnurekendum þakkar fyrir ánægjulegt samstarf og samskipti á liðnu starfsári.

Helgi Laxdal stjórnarformaður.

## Stjórn

Stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna skipa átta menn, sem tilnefndir eru af Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands og Vélstjórafélagi Íslands, sem hvert um sig tilnefnir einn stjórnarmann, og Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Samtökum atvinnulífsins, sem hvor um sig tilnefnir tvo stjórnarmenn. Sömu aðilar skipa varamenn í stjórnina.

Fulltrúar atvinnurekenda og launþega fara með formennsku til skiptis eitt ár í senn. Kjörtímabil stjórnar er 3 ár og hófst kjörtímabil núverandi stjórnar 15. maí 2002. Stjórnin hélt 14 fundi á síðasta ári og fundir frá stofnun stjósins voru orðnir 497 í árslok 2004. Stjórn stjósins 2002-2005 skipa eftirtaldir:

Árni Bjarnason, fulltrúi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands  
Ásgeir Valdimarsson, fulltrúi Samtaka atvinnulífsins  
Friðrik J. Arngrímsson, fulltrúi Landssambands íslenskra útvegsmanna  
Gunnar I. Hafsteinsson, fulltrúi Landssambands íslenskra útvegsmanna  
Helgi Laxdal, fulltrúi Vélstjórafélags Íslands  
Höskuldur H. Ólafsson, fulltrúi Samtaka atvinnulífsins  
Jónas Garðarsson, fulltrúi Sjómannasambands Íslands  
Konráð Alfreðsson, fulltrúi Alþýðusambands Íslands



Stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna. Talið frá vinstri: Jónas Garðarsson, Gunnar I. Hafsteinsson, Árni Bjarnason, Helgi Laxdal, Friðrik J. Arngrímsson, Konráð Alfreðsson, Ásgeir Valdimarsson og Höskuldur H. Ólafsson.

## Starfsmenn



Starfsmenn Lífeyrissjóðs sjómanna í mars 2005. Fremri röð frá vinstri: Sigrún Erlendsdóttir, Brynja Rut Brynjarsdóttir, Valgerður Hanna Hreinsdóttir, Krístrún Á. Sigurðardóttir og Örn Guðnason. Aftari röð frá vinstri: Tryggvi Tryggvason, Nanna Þórarinsdóttir, Valdimar Óskarsson, Aðalheiður Björnsdóttir og Árni Guðmundsson.


Eftirtaldir starfsmenn störfuðu hjá sjóðnum á árinu 2004.

	<b>Starfssvið:</b>	<b>Hóf störf:</b>
Aðalheiður Björnsdóttir	smábátar, afgreiðsla	1986
Árni Guðmundsson	framkvæmdastjóri	1982
Brynja Rut Brynjarsdóttir	bókhald	1999
Krístrún Á. Sigurðardóttir	gjaldkeri	1987
María Guðmundsdóttir	lífeyrismál	1978
Nanna Þórarinsdóttir	skráning	1998
Sigrún Erlendsdóttir	lífeyrismál	1991
Tryggvi Tryggvason	forstöðumaður eignastýringar	1993
Valgerður Hanna Hreinsdóttir	lífeyrismál	1993
Valdimar Óskarsson	innheimta iðgjalda	1989
Örn Guðnason	lánamál sjóðfélaga	2002

## Iðgjöld

Iðgjöld til sjóðsins námu á árinu 2004 10% af heildarlaunum, en hækkuðu frá 1. janúar 2005 í 11% og greiðir launþegi 4% og atvinnurekandi 7%. Iðgjaldagreiðslur falla niður við 70 ára aldur. Togarasjómenn og farmenn hafa frá upphafi greitt iðgjöld til sjóðsins af heildarlaunum, en bátasjómenn greiddu frá 1970 til 1985 aðeins ákveðið hlutfall af kauptryggingu. Frá árinu 1987 hafa allir sjómenn greitt iðgjöld af heildarlaunum.

Alls greiddu 5.284 sjóðfélagar hjá 653 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu 2004. Iðgjöld ársins námu samtals kr. 1.874 milljónum og hækkuðu um 1% frá árinu 2003.




Á sólríku sumarkvöldi.

## Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur ársins 2004 námu samtals kr. 1.404 milljónum og hækkuðu um 9,5% frá árinu 2003. Lífeyrir sem hlutfall af hreinni eign var 2,1% á árinu 2004, en var 2,3% á árinu 2003.

Hrein eign til greiðslu lífeyris var í árslok 2004 kr. 68.451 milljónir og hafði hækkað um 21,7% frá fyrra ári.

### Skipting lífeyris 2004



### Heildarlífeyrisgreiðslur 2004 og 2003:


	2004	2003	Breyting milli ára
Ellilífeyrir	619.235.280	551.235.042	+ 12,3%
Örorkulífeyrir	594.449.487	551.408.807	+ 7,8%
Makalífeyrir	147.401.303	136.713.069	+ 7,8%
Barnalífeyrir	42.815.641	42.265.571	+ 1,3%
<b>Samtals:</b>	<b>1.403.901.711</b>	<b>1.281.622.489</b>	<b>+9,5%</b>

### Fjöldi lífeyrisþega:

	Des. 2004	Des. 2003	Des. 2002	Des. 2001
Ellilífeyrir	1522	1445	1341	1236
Örorkulífeyrir	907	867	817	755
Makalífeyrir	567	532	508	486
Barnalífeyrir	472	465	453	435
<b>Lífeyrisþegar samtals:</b>	<b>3.468</b>	<b>3.309</b>	<b>3.119</b>	<b>2.912</b>



### Hrein eign til greiðslu lífeyris 1995-2004 á verðlagi ársins 2004 (í milljónum króna)



## Lán til sjóðfélaga

Ný lán til sjóðfélaga námu samtals 382 milljónum króna á árinu 2004 og í árslok voru útstandandi lán til sjóðfélaga 2.740 milljónir króna eða um 4% af heildareignum sjóðsins.

Lánveitingum til sjóðfélaga fækkaði mjög á árinu 2004. Skýringin er innkoma bankanna á húsnæðislánamarkaðinn, en bankarnir hófu síðsumars að lána á lægri vöxtum en áður hafa þekkt. Lífeyrissjóður sjómanna brást við með vaxtalækkun, en vextir á lánum frá sjóðnum voru lækkaðir í lok ágúst í 4,3%. Þá voru fjárhæðatakmiörk afnumin og veðmiörk hækkuð í 65% af markaðsverðmæti fasteignar. Þrátt fyrir þetta var mikið um uppgreiðslur á lánum sjóðsins og nýjum lánum fækkaði.

Réttur til láns miðast við fjölda daga sem sjóðfélagi hefur greitt til sjóðsins og samstarfssjóða. Til þess að eiga rétt á láni þarf sjóðfélagi að hafa greitt samtals í 800 daga. Hámarkslán ræðst af veðhæfni fasteignar sem sett er að veði og lánstími er allt að 30 árum. Vextir af sjóðfélagalánum eru samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar, 4,3% frá 1. september 2004. Lántökugjald er 1% af lánsfjárhæð. Lánin eru bundin vísitölu neysluverðs og aðeins er lánað gegn veði í fasteign. Veðsetning má ekki vera umfram 65% markaðsverðmæti eignar.

### Lán til sjóðfélaga 1998 - 2004:

Ár	Útb. lán kr.
1998	152 milljónir
1999	412 –
2000	850 –
2001	678 –
2002	523 –
2003	619 –
2004	382 –

## Fjárfestingarstefna

Það er skylda stjórnar sjóðsins samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða að móta fjárfestingarstefnu fyrir sjóðinn og ávaxta fé hans með hliðsjón af þeim kjörum sem boðin eru á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Lífeyrissjóðurinn hefur á undanförunum árum mótað fjárfestingarstefnu sem byggir á heimildum laganna til fjárfestinga. Við mótun fjárfestingarstefnunnar er tekið tillit til skuldbindinga sjóðsins og þátta eins og aldursdreifingar sjóðfélaga, framtíðargreiðsluflæðis, tryggingafræðilegrar stöðu, núverandi eignasamsetningar, lífeyrisbyrðar og hvernig horfur eru á verðbréfamarkaði.

Skoðun ofangreindra þátta sýnir að stjórnendur sjóðsins hafa töluvert svigrúm við val á eignaflokkum og tímalengd fjárfestinga. Sjóðurinn er langtímafjárfestir og innstreymi í sjóðinn er mun meira en útstreymi. Það stafar af því að meðalaldur sjóðfélaga er lágur og lífeyrisbyrðin er ekki íþyngjandi. Lífeyrisbyrði mun hins vegar aukast með árunum og gert er ráð fyrir að lífeyrir verði orðinn jafnhár iðgjöldum árið 2010. Þá fyrst fer að ganga á vexti og síðar höfuðstól sjóðsins.

Fjárfestingarstefna sjóðsins miðar að því að eignasamsetning sjóðsins verði með neðangreindum hætti í árslok 2005 (heimild til þess að auka eða minnka vægi hvers verðbréfaflokks er 25%).

<b>Verðbréf samtals</b>	<b>100%</b>
<b>Skuldabréf samtals</b>	<b>65%</b>
Ríkisskuldabréf	38%
Skuldabréf banka og sparisjóða	10%
Veðskuldabréf	8%
Skuldabréf fyrirtækja	5%
Fjárfestingalánasjóðir	2%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	1%
Erlend skuldabréf	1%
<b>Hlutabréf samtals</b>	<b>35%</b>
Innlend hlutabréf	15%
Erlend hlutabréf	20%



Speglun.

## Hluthafastefna

Lífeyrissjóður sjómanna er langtímafjárfestir sem hefur það markmið að ná góðri arðsemi af hlutabréfaeign sinni. Einnig vill sjóðurinn stuðla að vexti og viðgangi fyrirtækja sem hann fjárfestir í og stuðla að uppbyggingu og viðhaldi heilbrigðs fjármáلامarkaðar á Íslandi.

Sjóðurinn gegnir eigendaskyldum sínum með virkum hætti og kemur ábendingum um rekstur og stefnu félaga sem sjóðurinn er hluthafi í á framfæri á hluthafafundum og/eða með beinum samskiptum við stjórnendur viðkomandi fyrirtækja.

Lífeyrissjóðurinn tekur afstöðu til mála á hluthafafundum með atkvæðum sínum og á hlutabréfamarkaði með aðgerðum sínum eða aðgerðarleysi.

Sjóðurinn tekur þátt í vali á fulltrúum í stjórnir félaga þegar aðstæður gefa tilefni til slíks. Starfsmenn og stjórnarmenn Lífeyrissjóðs sjómanna skulu almennt ekki sitja í stjórnnum hlutafélaga á vegum sjóðsins.

Samkvæmt starfsreglum stjórnar sjóðsins fara formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum í félögum sem sjóðurinn á eignarhlut í, nema stjórnin ákveði annað.

## Fjárfestingar

Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum námu alls kr. 19.752 milljónum á árinu. Fjárfestingar sjóðsins námu kr. 19.567 milljónum og skiptust verðbréfavíðskipti á eftirfarandi eignaflokka (fjárhæðir í þúsundum króna):


	Kaup	Sala
Innlend hlutabréf	9.315.877	11.171.274
Erlend hlutdeildarskírteini	5.126.436	817.699
Skuldabréf banka og sparisjóða	1.927.219	
Skuldabréf með ríkisábyrgð	1.441.128	183.562
Veðskuldabréf	382.070	
Önnur markaðsskuldabréf	1.374.470	
<b>Samtals</b>	<b>19.567.200</b>	<b>12.172.535</b>

## Verðbréfaeign

Hinn 31.12.2004 voru skuldabréf 60% af verðbréfaeign sjóðsins, innlend hlutabréf 20% og erlend hlutabréf 20%. Nánari sundurliðun á verðbréfaeign sjóðsins má sjá í neðangreindri töflu (fjárhæðir í þúsundum króna):

	Krónur
Húsbréf	15.004.814
Innlend hlutabréf	13.647.118
Erlend verðbréf	13.042.862
Skuldabréf banka og sparisjóða	7.602.041
Húsnæðisbréf	6.065.444
Skuldabréf fyrirtækja	4.238.010
Veðskuldabréf	3.347.948
Fjárfestingalánasjóðir	1.360.566
Spariskírteini ríkisins	1.125.705
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	887.624
Önnur skuldabréf	647.388
<b>Samtals</b>	<b>66.969.520</b>

**Verðbréfaeign 31.12.2004**



**Ávöxtun**

Nafnávöxtun sjóðsins á síðasta ári var 21,3% og raunávöxtun 16,4%. Meðaltal raunávöxtunar sjóðsins síðastliðin 5 ár er 5,65%. Ávöxtun innlendra skuldabréfa var ágæt á árinu og hlutabréfa mjög góð. Innlend skuldabréf gáfu 7,1% raunávöxtun og innlend hlutabréf 71% raunávöxtun. Erlend hlutabréf í eigu sjóðsins gáfu 14% ávöxtun í dollurum en -8% í íslenskum krónum. Sjóðurinn gerði hins vegar gjaldmiðlaskiptasamninga og minnkaði því gengistap af erlendum eignum.

**Yfirlit yfir raunávöxtun einstakra eignaflokka undanfarin ár:**

	2004	2003	2002	2001	2000
Skuldabréf með ríkisábyrgð	8,2%	5,6%	5,8%	5,6%	6,0%
Skuldabréf með bankaábyrgð	4,3%	6,0%	5,3%	5,0%	5,0%
Skuldabréf sveitarfélaga	5,5%	5,8%	5,9%	5,7%	5,8%
Önnur markaðsskuldabréf	5,8%	7,8%	6,5%	6,2%	6,3%
Veðskuldabréf	5,8%	6,4%	6,9%	7,1%	6,3%
Innlend hlutabréf	71%	60,0%	25,0%	-15,8%	-14,1%
Erlend hlutabréf	-8,2%	15,0%	-46,0%	-20,8%	-17,8%
Erlendir hlutabréfasjóðir	-7,6%	13,8%	-38,6%	-13,3%	-7,1%
<b>Raunávöxtun ársins</b>	<b>16,4%</b>	<b>15,3%</b>	<b>0,63%</b>	<b>-1,6%</b>	<b>-0,3%</b>


**Innlend hlutabréf**

Innlend hlutabréf hækkuðu verulega í verði á árinu. Hlutabréf í eigu sjóðsins hækkuðu um 78% en til samanburðar hækkaði Úrvalsísitla Kauphallar Íslands um 59%. Innlend hlutabréfaeign sjóðsins nam í árslok 2004 13,6 milljörðum króna eða 20% af heildareignum sjóðsins. Skráð hlutabréf voru 13,5 milljarðar eða 99,9% af hlutabréfaeign sjóðsins og óskráð bréf voru 22 milljónir króna eða 0,1%. Sjóðurinn átti í árslok 2004 hlut í 18 innlendum félögum sem skráð eru í Kauphöll Íslands.

## Tíu stærstu félögin í hlutabréfasafni sjóðsins:

	Bókfært verð í millj. króna:	Eignarhluti í fyrirtæki:
KB banki	4.136	1,4%
Straumur Fjárfestingabanki	2.432	4,7%
Bakkavör	1.549	3,9%
Íslandsbanki	1.382	1,1%
Actavis	1.134	1,0%
Burðarás	867	1,3%
Landsbanki Íslands	847	1,0%
SÍF	458	1,6%
Flugleiðir	265	1,1%
Össur	236	1,0%

### Ávöxtun innlendra hlutabréfa 2004



### Ávöxtun innlendra hlutabréfa 1998-2004:

	Nafnávöxtun hlutabréfa LS	Hækkun úrvalsvisítölu	Umfram- ávöxtun	Uppsöfnuð um- framávöxtun
1998	9,8%	9,8%	0,0%	0,0%
1999	47,0%	46,4%	0,6%	0,6%
2000	-10,9%	-18,7%	7,8%	8,4%
2001	-8,7%	-11,2%	2,5%	10,9%
2002	27,5%	16,5%	11,0%	21,9%
2003	61,8%	56,0%	5,8%	27,7%
2004	78,1%	59,0%	19,1%	46,8%

## Fjárfestingar erlendis

Lífeyrissjóður sjómanna hefur átt samstarf við nokkur innlend og erlend verðbréfafyrirtæki um ávöxtun fjármuna sjóðsins á erlendum mörkuðum. Lífeyrissjóðurinn kaupir ekki beint einstök verðbréf heldur velur fjárvörsluaðila sem annast eignastýringuna fyrir sjóðinn. Erlendar fjárfestingar sjóðsins hafa nánast eingöngu verið í hlutabréfum fyrirtækja. Fjárfestingum sjóðsins má skipta í kjarnafjárfestingar (core investments) og aðrar fjárfestingar (alternative investments).

Erlend verðbréfaeign sjóðsins skiptist þannig á milli eftirfarandi fjárvörsluaðila og verðbréfasjóða 31.12. 2004 (allar fjárhæðir í þúsundum króna):

**Kjarnafjárfestingar:**

	Kr.
Vanguard (hlutabréfasjóður, vísitölusjóður)	3.193.824
Alliance Capital Management (hlutabréfasjóður)	2.732.547
Morgan Stanley (hlutabréf, sérgreint safn)	2.676.021
Capital International (hlutabréfasjóður)	1.383.399
JP Morgan Global Dynamic Fund (hlutabréfasjóður)	848.900
Morgan Stanley Value Fund (hlutabréfasjóður)	714.900
Alliance Global Value Fund (hlutabréfasjóður)	382.709
	<b>11.932.300</b>

**Aðrar fjárfestingar:**


Morgan Stanley Hedge Fund (vogunarsjóður)	607.969
Schroder Private Equity (hlutabréfasjóður)	159.051
GIR Capital Investments (vogunarsjóður)	121.905
Landsbanki Íslands Mazzanine Fund (skuldabréfasjóður)	100.000
Morgan Stanley Private Equity (hlutabréfasjóður)	85.349
Alpha Venture Capital Fund (áhættufjárfestingasjóður)	5.190
	<b>1.079.464</b>

<b>Samtals</b>	<b>13.011.764</b>
----------------	-------------------

**Erlend hlutabréf**

Erlendir hlutabréfamarkaðir hækkuðu á árinu 2004. Heimsvísitala hlutabréfa (MSCI), sem er helsti mælikvarði á breytingar á virði hlutabréfa í heiminum, hækkaði um 14% í dollurum á síðasta ári, en lækkaði um 8% reiknað í íslenskum krónum. Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun nokkurra helstu hlutabréfavísitalna í heiminum á síðasta ári.

**Erlendar hlutabréfavísitölur 2004**



## Gjaldmiðlaskiptasamningar

Sjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðlaskiptasamninga í þeim tilgangi að draga úr gjaldeyrisáhættu sjóðsins. Sjóðurinn á töluverðar eignir í erlendum gjaldmiðlum. Þegar krónan styrkist lækka þessar eignir í íslenskum krónum og öfugt þegar krónan veikist. Á síðasta ári styrktist íslenska krónan um 9,2%, Bandaríkjadollar lækkaði um 14,1% gagnvart krónunni og evra um 7%. Þetta hafði þau áhrif að erlendar eignir sjóðsins lækkuðu í íslenskum krónum. Til þess að mæta þessu gengistapi gerði sjóðurinn framvirka gjaldmiðlaskiptasamninga þar sem erlendum myntum var skipt yfir í íslenskar krónur. Dró þetta verulega úr gengistapi sem sjóðurinn hefði annars orðið fyrir. Síðan sjóðurinn hóf að gera gjaldmiðlaskiptasamninga á árinu 2001 hefur afkoman verið þessi:

	Ávöxtun í þúsundum króna	Framlag til heildarávöxtunar
2001	-136.629	-0,3%
2002	944.909	2,1%
2003	532.490	1,1%
2004	812.552	1,3%
<b>Samtals</b>	<b>2.153.322</b>	

## Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðilegar úttektir á stöðu sjóðsins eru gerðar árlega. Fyrirtækið Talnakönnun hf. hefur framkvæmt úttektirnar undanfarin ár. Úttektirnar felast í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar haldi áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir fara á lífeyri.

Við úttekt um síðustu áramót voru lagðar til grundvallar nýjar forsendur, annars vegar um lengri lífaldur og hins vegar um auknar örorkulíkur. Þessar nýju forsendur gerðu það að verkum að skuldbindingar sjóðsins aukast mjög. Tryggingafræðileg staða versnar þó aðeins lítillega á milli ára vegna mjög góðrar ávöxtunar.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu úttektar Talnakönnunar á stöðu sjóðsins í árslok 2004 og til samanburðar er sýnd staða sjóðsins í árslok 2003. Fjárhæðir eru í milljónum króna.

	2004	2003		
<b>Áfallin staða</b>				
Eign með endurmati	71.407	60.915		
Áfallin skuldbinding	62.964	55.765		
<b>Staða</b>	<b>8.443</b>	<b>5.150</b>	<b>13,4%</b>	<b>9,2%</b>
<b>Heildarstaða</b>				
Eign með endurmati	96.940	83.725		
Heildarskuldbinding	99.606	88.686		
<b>Staða</b>	<b>-2.665</b>	<b>-1.961</b>	<b>-2,7%</b>	<b>-2,2%</b>

Úttektin sýnir að áfallin staða er jákvæð um 8,4 milljarða eða 13,4% þegar miðað er við höfuðstól með endurmati, en heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 2,7 milljarða, eða 2,7%. Hefur hún versnað lítillega milli ára, en í árslok 2003 var staðan neikvæð um 2,0 milljarða eða um 2,2%. Samkvæmt lögum má heildarstaða sjóðsins aldrei vera verri eða betri en 10% af heildarskuldbindingu og jafnframt má staðan ekki vera verri eða betri en 5% samfellt í fimm ár. Staða sjóðsins er því innan þess ramma sem lögin setja.

## Samrunaviðræður og nýjar samþykktir

Hinn 21. apríl 2004 gerðu stjórnir Lífeyrissjóðs sjómanna (LS) og Lífeyrissjóðsins Framsýnar (LF) með sér samkomulag um að láta kanna hagkvæmni þess að sameina sjóðina. Skipuð var viðræðunefnd með formönnum, varaformönnum og framkvæmdastjórum sjóðanna, þeim Helga Laxdal, Höskuldi H. Ólafssyni og Árna Guðmundssyni frá LS og þeim

Sigurði Bessasyni, Ara Edwald og Bjarna Brynjólfssyni frá LF. Þá störfuðu tryggingafræðingar sjóðanna, þeir Vigfús Ásgeirsson og Bjarni Þórðarson, með viðræðunefndinni. Þórarinn V. Þórarinsson hdl. var fenginn til að stýra verkefninu og vinna að lagalegum álitaeftum tengdum sameiningunni.

Í samkomulagi sjóðanna var lögð áhersla á könnun á áhættuþáttum sjóðanna, áhrifum á rekstur og getu þeirra til greiðslu lífeyris. Nefndin skilaði áfangaskýrslu 10. júní 2004, þar sem einkum var fjallað um framangreind atriði. Niðurstaða hennar var sú að sameinaður sjóður yrði betur í stakk búinn til að tryggja sem hæstar lífeyrisgreiðslur, áhætta hans dreifðist betur og stærra eignasafn gæfi færi á öflugri eignastýringu. Þá mætti ná fram hagkvæmari rekstri og bættri þjónustu við sjóðfélaga og launagreiðendur.

Á grundvelli áfangaskýrslunnar samþykktu stjórnir sjóðanna að fela viðræðunefndinni að vinna tillögur að sameiningu þeirra og drög að samþykktum fyrir sameinaðan sjóð. Var ákveðið að kanna skyldi sérstaklega kosti og galla þess að taka upp nýtt ávinnsluferfi réttinda, þar sem réttindamyndun fylgi verðmæti iðgjalds á hverjum tíma, þ.e. aldurstengt réttindakerfi.


Á starfstíma nefndarinnar komu fram nýjar upplýsingar þess efnis, að vaxandi lífslíkur auki ellilífeyrisbyrði sjóðanna og bráðabirgðaniðurstöður úr athugun á örorkutíðni sem tekur til 17 lífeyrissjóða sýna mun meiri tíðni örorku á árunum 1998 til og með 2002 en búist hafði verið við. Þessar breyttu forsendur auka mjög lífeyrisskuldbindingar sjóðanna og var óhjákvæmilegt að taka mið af þeim við mótun tillagna um samhengi iðgjalda og réttindaávinnslu. Samningar aðila vinnumarkaðarins um hækkun lágmarksiðgjalds í 12% frá 1. janúar 2007 mæta þessum aðstæðum að miklu leyti um sinn.

## Séreignardeild

Séreignardeild Lífeyrissjóðs sjómanna er rekin í samstarfi við KB banka. Áhersla er lögð á að veita sjóðfélögum og réttihöfum fyrsta flokks þjónustu á sviði lífeyrissparnaðar.

Fjárfestingarstefna séreignardeildarinnar fer eftir ákvörðun stjórnar sjóðsins. Fjárfestingarleiðir deildarinnar eru þrjár, auk Ævilínu. Réttthafar sem velja Ævilínu færast sjálfkrafa milli leiða eftir aldri en velji réttthafi eina af leiðunum þremur helst sú fjárfestingarstefna óbreytt óháð aldri, nema réttthafi kjósi breytingu síðar. Enginn kostnaður er tekinn við flutning milli leiða innan séreignardeildarinnar eða við flutning úr sjóðnum.

Fjárfestingarleiðir í séreignardeild Lífeyrissjóðs sjómanna





Í lok ársins 2004 voru réttthafar séreignardeildarinnar samtals 3.948 og raunávöxtunin var þessi:

**Leið 1:** 8,8% – **Leið 2:** 8,5% – **Leið 3:** 6,2%

Samkvæmt nýjum kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna hefur orðið sú breyting að nú eiga sjómenn rétt á 2% mótframlagi í séreignarsparnað af heildarlaunum í stað þess að fá aðeins mótframlag af kauptryggingu. Til þess að eiga rétt á 2% mótframlagi frá atvinnurekanda verður sjóðfélagi að greiða að lágmarki 2% af launum í séreignarsparnað, en heimilt er að greiða allt að 4% af heildarlaunum. Hámarks mótframlag vinnuveitanda er 2%.

Þá njóta þeir sem ekki greiða í séreignarsparnað ekki lengur 1% framlags frá launagreiðanda, því að það var fellt niður um síðustu áramót. Þeir sem ekki spara verða því af 2% mótframlagi frá launagreiðanda.



Við bryggju í Hrísey.



Í höfn.



Fragtflutningar.



Á humarveiðum.

# Ársreikningur 2004



# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2004 greiddu 653 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins, samtals að fjárhæð 1.874 millj. kr., fyrir 5.284 sjóðfélaga. Sjóðfélagar í árslok 2004 voru 39.006.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu alls 1.404 millj. kr. Ellilífeyrir nam 619 millj. kr., örorkulífeyrir 595 millj. kr., makalífeyrir 147 millj. kr., og barnalífeyrir 43 millj. kr. Fjöldi ellilífeyrisþega á árinu var 1.586, örorkulífeyrisþega 1.000, makalífeyrisþega 578 og 555 fengu greiddan barnalífeyri. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 3.719. Til samanburðar voru lífeyrisgreiðslur á árinu 2003 samtals 1.282 millj. kr.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Hrein eign til greiðslu lífeyris samtryggingardeildar nam 68.260 millj. kr. í árslok 2004 og hækkaði á árinu um 12.143 millj. kr. eða 21,6%. Hrein raunávöxtun á eignum deildarinnar miðað við vísitölu neysliverðs var 16,3%. Fjöldi sjóðfélaga í séreignardeild sjóðsins var í árslok 3.862 og hrein eign deildarinnar til greiðslu lífeyris nam 192 millj. kr. í árslok 2004. Raunávöxtun séreignardeildar miðað við innborgun iðgjalda er 8,1%.

Lífeyrissjóðurinn fjárfesti fyrir 19.684 millj. kr. á árinu, en vísað er til ársreiknings varðandi skiptingu fjárfestingarinnar.

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2004. Samkvæmt henni átti sjóðurinn 8.443 millj. kr. umfram áunnin réttindi sjóðfélaga í árslok miðað við 3,5% vexti. Þá bentu niðurstöðurnar til þess að framtíðariðgjöld sjóðsins leiddu til skuldbindinga sem yrðu um 2.665 millj. kr. hærri en iðgjöldin og sjóðurinn ætti fyrir um 97,3% skuldbindinga.

Stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. febrúar 2005.

Stjórn:

Helgi Laxdal

Höskuldur H. Ólafsson

Ásgeir Valdimarsson

Árni Bjarnason

Jónas Garðarsson

Sveinn Hj. Hjartarson

Gunnar I. Hafsteinsson

Framkvæmdastjóri:

Árni Guðmundsson

# Áritun endurskoðenda

## Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði sjómanna.

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs sjómanna fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 25. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2004, efnahag hans 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 23. febrúar 2005.

Helgi F. Arnarson  
Hrafnhildur Helgadóttir

*KPMG Endurskoðun hf.*

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2004

	Skýr.	2004	2003
<b>Iðgjöld:</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		753.203	745.819
Iðgjöld launagreiðenda .....		1.122.677	1.113.966
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		( 1.464 )	( 2.492 )
	4	<u>1.874.416</u>	<u>1.857.293</u>
<b>Lífeyrir:</b>			
Lífeyrir .....	11	1.403.902	1.281.622
Umsjónarnefnd eftirlauna .....		( 599 )	( 682 )
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....		2.475	4.620
		<u>1.405.778</u>	<u>1.285.560</u>
<b>Fjárfestingartekjur:</b>			
Tekjur af eignarhlutum .....	5	6.379.720	4.191.838
Tekjur af húseign .....	6	4.116	3.959
Vaxtatekjur og gengismunur .....	7,12	5.474.442	4.532.272
Niðurfærsla veðskuldabréfa .....	10,19	( 12.433 )	( 11.159 )
		<u>11.845.845</u>	<u>8.716.910</u>
<b>Fjárfestingargjöld:</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	8	<u>30.221</u>	<u>29.204</u>
<b>Rekstrarkostnaður:</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	8	66.350	60.093
Annar rekstrarkostnaður .....		13.306	14.961
		<u>79.656</u>	<u>75.054</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu .....		12.204.606	9.184.385
Hrein eign frá fyrra ári		<u>56.246.990</u>	<u>47.062.605</u>
<b>Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris</b>	23	<u><u>68.451.596</u></u>	<u><u>56.246.990</u></u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2004

	Skýr.	2004	2003
<b>Fjárfestingar:</b>			
Fasteign .....	9,15	94.674	83.160
Aðrar fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	10,16	26.847.552	18.694.230
Verðbréf með föstum tekjum .....	10,17	36.937.979	32.667.602
Veðlán .....	10,18,19	3.347.948	4.042.288
Bundnar bankainnstæður .....		22.393	15.156
Fullnustueignir .....		38.890	1.434
		<u>67.194.762</u>	<u>55.420.710</u>
Fjárfestingar		<u>67.289.436</u>	<u>55.503.870</u>
<b>Kröfur:</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....	4	129.482	133.666
Aðrar kröfur .....	21	500.752	247.000
		<u>630.234</u>	<u>380.666</u>
<b>Aðrar eignir:</b>			
Rekstrarfjármunir .....	15	4.916	5.076
Sjóður og veltiinnlán .....		556.169	382.736
		<u>561.085</u>	<u>387.812</u>
Eignir samtals		<u>68.480.755</u>	<u>56.272.348</u>
<b>Skuldir:</b>			
Áfallinn kostnaður .....	22	5.787	4.594
Aðrar skuldir .....		23.372	20.764
Skuldir samtals		<u>29.159</u>	<u>25.358</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	23	<u>68.451.596</u>	<u>56.246.990</u>
<b>Skipting á hreinni eign til greiðslu lífeyris:</b>			
Hrein eign samtryggingardeildar .....		68.259.866	56.116.687
Hrein eign séreignardeildar .....		191.730	130.303
		<u>68.451.596</u>	<u>56.246.990</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2004

	Skýr.	2004	2003
<b>Inngreiðslur:</b>			
Löggjöld .....		1.878.817	1.965.305
Fjárfestingartekjur .....		3.067.963	2.609.394
Afborganir verðbréfa .....		4.199.393	3.690.929
Seld verðbréf með breytilegum tekjum .....		12.072.007	7.133.647
Seld verðbréf með föstum tekjum .....		156.850	526.187
Seldar aðrar eignir .....		0	1.550
		<u>21.375.030</u>	<u>15.927.012</u>
<b>Útgreiðslur:</b>			
Lífeyrir .....		1.404.032	1.284.851
Fjárfestingargjöld .....		30.221	28.747
Rekstrarkostnaður án afskrifta .....		76.520	71.667
Aðrar útgreiðslur .....		7.184	0
		<u>1.517.957</u>	<u>1.385.265</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum		19.857.073	14.541.747
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum .....	(	14.529.637)	( 8.894.082)
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum .....	(	4.749.372)	( 4.928.029)
Ný veðlán .....	(	382.070)	( 619.632)
Kaup á fullnustueignum .....	(	823)	0
Innlögn á bundna reikninga lánastofnana .....	(	7.237)	( 9.991)
Kaup á rekstrarfjármunum .....	15	( 14.501)	( 4.111)
		<u>( 19.683.640)</u>	<u>( 14.455.845)</u>
<b>Hækkun á sjóði og veltiinnlánnum .....</b>		173.433	85.902
<b>Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun .....</b>		<u>382.736</u>	<u>296.834</u>
<b>Sjóður og veltiinnlán í árslok .....</b>		<u>556.169</u>	<u>382.736</u>

## Skýringar

### Reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að skráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

